

**1983 nr. 7 8. mars****Lög um þjóðsöng Íslendinga**

Tóku gildi 25. mars 1983. Breytt með: L. 82/1998 (tóku gildi 1. okt. 1998), L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **forsætisráðherra** eða **forsætisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó Guð vors lands“, ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

**■ 2. gr.**

□ Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar, og fer [ráðuneytið]<sup>1)</sup> með umráð yfir útgáfurétti á honum.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 96. gr.

**■ 3. gr.**

□ Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

**■ 4. gr.**

□ Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá [ráðherra]<sup>1)</sup> úr.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 96. gr.

**■ 5. gr.**

□ Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins, ef þörf þykir.

**■ 6. gr.**

□ Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða [fangelsi allt að 2 árum].<sup>1)</sup> . . . <sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 82/1998, 171. gr. <sup>2)</sup> L. 88/2008, 233. gr.